

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ár 2018, miðvikudaginn 21. mars 2018, var haldinn 171. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 9.00. Viðstödd voru Dagur B. Eggertsson, Armann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur L. Haraldsson og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Stefna SHS og viðbragðsáætlun í málum er snúa að einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað Slökkviliðsstjóri kynnti stefnu SHS og viðbragðsáætlun í málum sem snúa að einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Stefna SHS og viðbragðsáætlun í málum er snúa að einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað, ódags.
 - Minnisblað SHS; Stefna SHS og viðbragðsáætlun í málum er snúa að einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað, dags. 21. mars 2018.Afgreiðsla: Kynning.
2. Ný slökkvistöð
Slökkviliðsstjóri sagði frá framvindu málsins frá 169. fundi.
Afgreiðsla: Kynning.
3. Leigusamningur við Slysavarnafélagið Landsbjörgu
Framundan er endurnýjun leigusamninga í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Um leið rennur út samkomulag við Slysavarnafélagið Landsbjörgu um breytingar á leigusamningi þeirra við SHS fasteignir ehf.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Minnisblað SHS; Slysavarnafélagið Landsbjörg – nýr húsaleigusamningur, dags. 21. mars 2018.Afgreiðsla: Stjórn SHS samþykkir endurnýjun samkomulags við Slysavarnafélagið Landsbjörgu um breytingar á húsaleigusamningi við SHS fasteignir og felur slökkviliðsstjóra að semja við Landsbjörgu á sömu forsendum.
4. Starfslokastefna SHS
Frestað mál frá 157. fundi. Endurnýjun starfslokastefnu SHS og kynning á verkferli vegna starfslokasamninga.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Starfslokastefna Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 21. mars 2018.
 - Drög að verkferli vegna starfslokasamninga, ódags.Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar.
5. Áhættustefna SHS
Frestað mál frá 164. fundi. Áhættustefna SHS lögð fram til staðfestingar.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Áhættustefna Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs, dags. 21. mars 2018.Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar.
6. Aðild að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja
Frestað mál frá 158. fundi. Aðild að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, borin undir stjórn.
Afgreiðsla: Stjórn SHS samþykkir að SHS sækir um félagsaðild að Festu.
7. Hagræðing 2018
Frestað mál frá 169. fundi. Slökkviliðsstjóri fór yfir fyrirkomulag hagræðingar sem endurspeglar í samþykktri fjárhagsáætlun SHS 2018 og tekur tillit til álits innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar.
Afgreiðsla: Stjórn lýsir sig ánægða með jákvæð skref í hagræðingarmálum SHS.

8. Efling eldvarna í heimahúsum aldraðra
Slökkviliðsstjóri kynnti mögulegt átak í eflingu eld- og slysavarna hjá öldruðum íbúum höfuðborgarsvæðisins í sjálfstæðri búsetu, en það felst í dreifingu skóhorna sem jafnframt nýtast við eftirlit með reykskynjurum.
Eftirfarandi lagt fram:
- Minnisblað SHS; Efling eldvarna á heimilum aldraðra á höfuðborgarsvæðinu, dags. 21. mars 2018.
Afgreiðsla: Stjórn SHS samþykkti átakið fyrir sitt leyti. Rætt verði við velferðarsvið sveitarfélaganna sem taki að sér dreifingu skóhornanna og innkaup á því sem á kann að vanta.
9. Brunavarnaáætlun
Slökkviliðsstjóri kynnti stöðu mála varðandi brunavarnaáætlun SHS.
Afgreiðsla: Kynning.
10. Rekstur sjúkrabíla
Farið var yfir stöðu SHS og möguleg áhrif af slitum samstarfs Rauða kross Íslands og ríkisins um rekstur sjúkrabíla á Íslandi.
Afgreiðsla: Kynning.
11. Önnur mál
- 4.1 Fyrirspurnir frá stjórnarfundum 169.
Á 169. stjórnarfundum var lögð fram fyrirspurn um þróun hlutfalls ríkis og sveitarfélaga í rekstrartekjum SHS á undanförunum árum. Farið var yfir það.
Afgreiðsla: Kynning.
Á sama fundi var lögð fram fyrirspurn um möguleika á notkun rafrænna skilríkja við innskráningu í stjórnargátt. Sagt var frá stöðu þess máls.
Afgreiðsla: Akvörðun verður tekin á vettvangi SSH.

Næsti fundur verður auglýstur sérstaklega.

Fundi slitið klukkan 10.00

Dagur B. Eggertsson

Ármann Kr. Ólafsson
Gunnar Einarsson
Haraldur L. Haraldsson

Ásgerður Halldórsdóttir
Kolbrún Þorsteinsdóttir

Fylgiskjöl:

- Stefna SHS og viðbragðsáætlun í málum er snúa að einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað, ódags.
- Minnisblað SHS; Stefna SHS og viðbragðsáætlun í málum er snúa að einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað, dags. 21. mars 2018.
- Minnisblað SHS; Slysavarnafélagið Landsbjörg – nýr húsaleigusamningur, dags. 21. mars 2018.
- Starfslokastefna Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 21. mars 2018.
- Drög að verkferli vegna starfslokasamninga, ódags.
- Áhættustefna Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 21. mars 2018.
- Minnisblað SHS; Efling eldvarna á heimilum aldraðra á höfuðborgarsvæðinu, dags. 21. mars 2018.